

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Búðahverfi, Iðnbúð og Smiðsbúð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 4. maí 2006 tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og verslunarlóða við Smiðsbúð og Iðnbúð.

Breytingin varðar skipulagsskilmála viðkomandi lóða og í henni felst að heimilt verður að hafa íbúðir á allri annarri hæð húsa á svæðinu, en ekki verða heimilaðar nýjar íbúðir á jarðhæðum.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 27. febrúar 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2007